

17. nóv. 2015



UMHVERFISSTOFNUN

Vegagerðin
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

Reykjavík 17. nóvember 2015
UST201511-128/E.D.K.
08.06.02

Úrbótaáætlun v/ bikstöðvar á Ísafirði móttekin og samþykkt


Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 2. október 2015 þar sem fjallað er um 3 frávik sem komu fram við reglubundið eftirlit í Bikstöð Vegagerðarinnar á Ísafirði. Þann 9. nóvember sl. barst Umhverfisstofnun úrbótaáætlun vegna frávikanna.


Frávikin eru eftirfarandi:

1. Bikgeymir stendur ekki í olúheldri þró.
Í úrbótaáætlun er fyrirhuguðum framkvæmdum lýst og áætlað er að framkvæmdum verði lokið fyrir 15. apríl 2016.
2. Áfyllingarplan fyrir bíla er ekki olúhelt með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er olúskilju.
Í úrbótaáætlun er fyrirhuguðum framkvæmdum lýst og áætlað er að framkvæmdum verði lokið fyrir 15. apríl 2016.
3. Botnþykktarmæla þarf lýsisgeyminn og mæla þarf olúleifar í frárennsli stöðvarinnar.
Í úrbótaáætlun kemur fram að mælingar fari fram í nóvember og þessu verði lokið 15. desember 2015.

Umhverfisstofnun samþykkir úrbótaáætlun rekstraraðila og fer fram á að niðurstöður mælinga, sbr. frávik nr. 3. verði senda Umhverfisstofnun eigi síðar en 15. desember nk. Þá veitir Umhverfisstofnun rekstraraðila úrbótafrest til 15. apríl vegna frávika nr. 1 og 2. Gerðar úrbætur verða teknar út í næsta reglubundna eftirliti.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur